

MINNISBLAÐ

DAGS.

15.09.2022

SENDANDI

Kamma Dögg Gísladóttir

MÁLEFNI

Kyljuholt á Mýrum - Deiliskipulag

DREIFING

Jón Kristinn Jónsson

Beiðni um heimild til að leggja fram deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Kyljuholts á Mýrum

F.h. landeiganda Jóns Kristins Jónssonar kt. 120253-2399 og Sigurlaugar Gissurardóttur kt. 110354-4449 er hér með sótt um heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Kyljuholts (L160099) á Mýrum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í gildandi aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði (ÍB12 – Holt á Mýrum) og er 8 ha að stærð. Þar er heimilað nýtt íbúðarsvæði, lágreist, smágerð byggð, 1-2 hæðir. Einnig er heimiluð ferðaþjónusta, gisting og greiðasala með allt að 20 gistirýmum. Hámarksfjöldi íbúða er 15-20 á svæðinu.

Ekkert deiliskipulag er til af umræddu svæði en á aðliggjandi svæðum er í gildi deiliskipulag í landi Hólabrekku frá árinu 2017 og Holts á Mýrum frá árinu 2016. Skv. deiliskipulagi Hólabrekku (L160092) er þar heimild til að byggja eitt einbýlishús/sambýli og skv. deiliskipulagi Holts er heimilt að vera þar með 12 íbúðir. Skv. Þjóðskrá er eitt einbýli skráð í landi Kyljuholts. Samtals er því á ÍB12 reitnum 14 íbúðir en heimilt er að vera með skv. gildandi aðalskipulagi 15-20 íbúðir á reitnum.

Fyrirhugað deiliskipulag mun ná yfir um 4 ha svæði sem nú er tún. Áformað er að byggja 300-400 m² raðhús/fjölbýlishús með 4-7 íbúðum og hver er um 40-80 m² að stærð, til sölu eða leigu. Hver íbúð skal hafa aðgang að stórri lóð og görðum sem hugsað er til matjurtaræktunar.



MYND 1 Yfirlitsmynd, mögulegt deiliskipulagssvæði er innan gula rammans merktur með 1.

Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi (nr.1) og um Stórabólsvæg (nr.9811), allir innviðir eru til staðar og mögulegt að samnýta núverandi hreinsivirki eða stækka það.

F.h. landeigenda

Kamma Dögg Gísladóttir,

EFLA verkfræðistofa